

Um áratugi sjö jeg aftur fer  
og athvarfs leita í minninganna sjóð  
og sögnum þeirra, er fylgdust þá með þjer  
og þektu og námu sömu æskuljóð.

Mannvinarkend í brjóst þjer borin var  
og bróðurhug þinn gladdi nám og starf.  
Ef annan skorti, ætíð varstu þar,  
því ættargöfgi hlaustu í feðraarf.

Dú björtum augum leist á lífsins vor,  
mót ljósi sóttir, — ei þar skugga bar.  
Dú gekst með barnsins gleði sjerhvert spor  
þá götu, sem í æsku mörkuð var.

En samt bar skugga á ljóss og draumalönd,  
og lífsins gleði varð að sorg um stund:  
Þig örlög sviftu þinni hægri hönd  
og hjartað særði heljar-djúpri und.

En skammvinn sorg þig saka ekki vann,  
þá sást að enn var lífið hlýtt og bjart.  
Með vinstri hendi vanda leystir þann,  
að vinna af snild, og þó var starfað margt.

Hver, sem þess átti kost að kynnast þjer,  
að kveldi lífsins jafnan minnst þín  
að öllu góðu, — og geisla til hans ber  
sú göfgi, er frá minning þinni skín.

Vinátta þín var traust, og trygðin hrein,  
og tíminn aldrei vann á kostum þeim.  
Andinn var fagur, heill, í hverri grein.  
— Hver á sjer meiri auð í þessum heim?

Þú unnir öllu, er veikt og hrakið var,  
á verði stóðst um smælingjanna hag.  
Þú dáðir sjerhvern geisla, er birtu bar  
til blessunar, um langan æfidag.

Snæbjörn Einarsson.

38. aug. 1956

### Þverárheimilið

í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu.

Aðallega til minningar um Jón Jóakimsson og Bergljótu  
Guttormsdóttur, konu hans.

(Að mestu eftir umsögn Herðísar Benediktsdóttur, Bergi, Ás-  
garðsvegi 18, Húsavík, sem var alin upp hjá þessum hjónum,  
og er nú 85 ára gömul.)

Þverárbærinn er líklega einn sá elsti torfbær á Norð-  
urlandi, sem enn er búið í.

Bærinn er yfir 100 ára gamall, bygður fyrir 1850 af  
Jóni Jóakimssyni hreppstjóra og bónda þar. Jón Jóa-  
kimsson var merkur framfaramaður, fæddur 1816 á Mý-  
laugsstöðum í Aðaldal. Hann fór ungur til síra Jóns Jóns-  
sonar á Grenjaðarstað til náms og fósturs.

Hann flutti að Þverá, sem var eignarjörð fyrri konu  
hans, Herðísar Ásmundsdóttur frá Stóruvöllum í Bárðar-  
dal 1845. — Jörðin var niðurnídd og húsakostur ljeleg-  
ur. Jón bygði upp bæinn með slíkri prýði og vand-  
virkni, að hann stendur enn í dag óhreyfður með sömu  
húsaskipun og ummerkjum eins og fyrir hundrað árum

*Handwritten in red ink:*  
Minn þessu bókun  
Helgi  
Hlin

*Handwritten in black ink:*  
Bergljót Guðrún



Bergljót Guttormsdóttir.

urhliðin. — Seinni part sumars var hrísíð tekið, þakið slegið og hrísíð notað til að sviða við sviðin.

Jón bygði einnig öll fjárhúsin og hlöðu við hvert hús, sem enn standa óhreyfð og í besta lagi. — Þverá er kirkjustaður. — Um miðja öldina sem leið var þar gömul og þrörleg torfkirkja. Hana endurbygði Jón sumarið 1877 úr höggnu grjóti. — Steinana í veggina ljet hann taka upp fyrir handan Laxá, í svonefndum Hólaklöppum, en þeir voru dregnir á sleða heim að vetrinum og nauti beitt fyrir. — Grjótið var alt höggvið, og síðan límt með steinlími, það gerði maður, sem Jakob hjet, og nefndur var múrari, hann hafði verið í Danmörku og lært þar múraraíð. — Kirkjan stendur enn með sömu ummerkjum og í fyrstu. — Jón smíðaði sjálfur trjeverkið í hana. (Hann hafði verið við smíðanám í Reykjavík í 3 ár og hafði sveinsbrjef þaðan.) En til að mála fjekk hann mann, sem hjet Þorgrímur Austmann. — Jón vandaði alt til kirkjunnar af mestu þryði eins og honum var lagið, enda var hún á orði fyrir það, hve falleg hún væri. — Margir voru þeir sem komu til að skoða hana og bæinn,

síðan. Veggirnir standa sig vel, enda þryðilega vel gerðir. Jón var framúrskarandi vandvirkur og heimaði það sama af öðrum. Fyrir gat það komið, að hann ljet taka upp að morgni, það sem gert hafði verið að kvöldi, að honum fjarverandi, ef honum líkaði ekki handbragðið. Þakið á bænum er að sjálfsgöðu torfpak, og burnirótin blómgast þar vel eftir 70 ár. — Til þess að verja þakið fyrir bruna, var rífið hrís og þakin suð-

því það var á orði hvað hann væri til fyrirmyndar, og allur umgangur á Þverá, bæði úti og inni, með ágætum. — Arngrímur málarí málaði mjög fagra altarástöflu í kirkjunna.


Þau Jón og Herdís áttu 6 börn, 3 syni og 3 dætur. Synirnir voru: Benedikt,\*) Snorri og Jón. — Dæturnar: Guðný, Aðalbjörg og María. — Jón Jóakimsson misti konu sína árið 1859.

Árið 1866 giftist hann öðru sinni Bergljótu Guttormsdóttur, stúdents, frá Arnheiðarstöðum í Fljótsdal. — Bergljót var 10 árum yngri en maður hennar, fædd 1826. — Hún kom að austan með Þórði, sýslumanni, Sveinbjarnarsyni, sem var fyrstur sýslumaður hjer á Húsavík, og Ingibjörgu konu hans. — Bergljót hafði verið langdvölum á heimili Gísla Hjálmarssonar, læknis, og Guðlaugar konu hans, á Höfða, var það mikið merkisheimili, en mest segist Bergljót hafa lært af föður sínum, jafnvel hannyrðir: Baldýringu, knipl o. fl. — Bergljót var mjög vel að sjer til munns og handa, hafði líka oft stúlkur til náms, sem voru að koma sjer upp faldbúningum.

Hún var góð stjúpá, segir Herdís, trúnaðarvinur Benedikts á Auðnum, stjúpsonar síns, hann bar margt undir Bergljótu, mat ráð hennar mikils.

Jóni og Bergljótu varð ekki barna auðið, en þau ólu upp 4 fósturbörn. Og voru þau þessi: Páll Stefánsson, bróðursonur Bergljótar, stórkaupmaður í Reykjavík (hann nefndi hús sitt „Þverá“ til minningar um æskuheimilið), Halldóra Sigurðardóttir, bróðurdóttir Berg-

\*) Benedikt, sem var elstur, varð síðar landskunnur undir nafninu Benedikt á Auðnum. — Hann átti fyrir konu Guðnýju Halldórsdóttur frá Grenjaðarstað. — Þau Benedikt og Guðný bjuggu allan sinn búskap á Auðnum, sem er í Þverár landareign. — Benedikt og Guðný áttu 5 dætur: Herdís, Hildi, Aðalbjörgu, Unni (skáldkonu) og Bergljótu. — Hildur giftist manni, sem Jón hjet Þjetursson. — Þau bjuggu allan sinn búskap á Auðnum, og áttu 8 börn, eitt af þeim er Halla, sem nú er húsmóðir á Þverá.



*Þverárþær og kirkjan.  
Benedikt Jónsson stendur á hlaðinu.*

ljótar, Bergljót Tómasdóttir, ættuð úr Laxárdal, síðar gift síra Birni Blöndal frá Kornsa í Vatnsdal, svo jeg (Herdís Benediktsdóttir).

Bergljót datt af baki á fyrstu hjúskaparárum sínum og lá lengi og varð aldrei jafngóð, hún átti því erfitt með húsmóðurstörfina, en stjúpdætur hennar, María og Aðalbjörg, tóku þau að sjer með hennar tilsögn. — María sá um eldhússtörfina, allan matartilbúning og umgengni í búi og eldhúsi, en Aðalbjörg um saumaskap og tóskap. Báðar voru þær mjög vel að sjer og vel gefnar stúlkur.

Þess var getið, að maður á Hjerði leitaði ráðahags við Bergljótu, en hún feldi sig ekki við manninn. — Um það leyti dreymdi hana, að maður kom til hennar og kvað vísu: „Þeir sem bíða byrinn fá, betri höfnum síðar ná.“ — Þótti það rætast. — Bergljót átti góðan mann og var vel metin húsfreyja.

Bergljót átti mjög fallegan faldbúning, fósturdæturnar voru báðar fremur smáar vexti, svo þær báru ekki búninginn, hann fjekk bróðurdóttir hennar og nafna, Berg-

ljót Sigurðardóttir, sem seinna giftist Skafta Jóhannssyni frá Skarði í Dalsmynni. — Nú er búningurinn í eigu Arnheiðar Skaftadóttur á Akureyri, dóttur Bergljótar.

Jón Jóakimsson bjó allan sinn búskap á Þverá. — Hann ljest 1893. Þá tók við jörðinni Jón sonur hans, þá giftur Halldóru, fósturdóttur Jóns og Bergljótar. En árið 1898 (?) flutist Jón yngri til Reykjavíkur. — Þá tók við jörðinni Snorri bróðir hans og Aðalbjörg Jónasdóttir, og bjó hann þar þangað til hann dó 1928. — Þá tók við jörðinni Jónas sonur hans og Halla Jónsdóttir kona hans, sem nú búa í gamla bænum, eins og þú veist.

Jörðin hefur því verið í ábúð sömu ættar síðan 1845, að afi minn byrjaði þar búskap. — Herdís segir að oft hafi verið dásamlega fallett að horfa út eftir dalnum, þegar regnboginn glampaði í úðanum frá fossunum.

Heimilið var að öllu leyti mikið fyrirmyndarheimili og á undan sinni samtíð um margt. Þar var mjög gestkvæmt. — Þar dvöldu oft tímum saman menn, sem stunduðu veiði í Laxá, bæði innlendir og útlendir.

Herdís varð að orði: „Ef jeg ætti að lýsa Þverárheimili og öllum heimilisháttum þar, þá yrði það sjálfsagt of langt mál, og svo er jeg nú kannske ekki óvilhallur dómari um það. — Um Jón afa minn gæti jeg sagt margt, hvað hann var mikill smekk- og dugnaðarmaður og um marga hluti á undan sinni samtíð. En jeg verð að láta það nægja að segja aðeins, að það var landskunn hirðu-semi hans og smekkvísi í allri umgengni, bæði utan húss og innan.“

Jeg vildi gjarnan hafa sagt margt um fósturu mína, því hún var að mörgu leyti sjerstök, bæði hvað mentun og gáfur snerti, framúrskarandi húsmóðir, og okkur öllum, bæði fósturbörnum og stjúpbörnum, elskulegasta móðir.“

**Benedikt Baldvinsson í Garði í Aðaldal skrifar:**

Bergljót á Þverá var fyrirmyndarkona, og að mörgu leyti á undan sinni samtíð, til dæmis með mikinn og vandaðan heimilisiðnað, garðrækt (ýmiskonar grænmeti til matar, sem þá þektist lítið), matartilbúning, framreiðslu o. fl.

Barnakennari eða fræðari var hún með afbrigðum góður, skýrði svo vel fyrir börnunum það sem þau áttu að læra, að það er þeim hafði fundist erfitt að læra, fanst þeim ljett, þegar hún var búin að skýra það fyrir þeim.

Þegar Bergljót var búin að missa manninn og stjúpbörnin gift, óskaði hún eftir að fara til Baldvins og Guðnýjar, stjúpdóttur sinnar í Garði í Aðaldal. — Hún hafði trú á meðölum Baldvins, fanst þau gera sjer gott. — Hjá þeim hjónum var hún seinustu þrjú árin, sem hún lifði, og þá mest í rúminu.

Bergljót Guttormsdóttir andaðist 1899.

—o—

Búendur á Þverá í Laxárdal eru nú Jónas Snorrason og Halla Jónsdóttir. — Bænum er ágætlega vel við haldið, alt í röð og reglu, litlu sem engu verið breytt, sýnd hin mesta smekkvísi og virðing fyrir þessum gamla bæ. — Þröskuldarnir hvítkúraðir, eins og í tíð Jóns og Bergljótar, hvað þá annað.

Vonandi verður þessum gamla, fallega bæ haldið við framvegis, og þannig sýnd tilhlýðileg virðing þeim mætu hjónum, sem þarna reistu rammíslenskan bóndabæ fyrir rúnum 100 árum síðan.

Það hefur komið til tals, að Samband íslenskra samvinnufjelaga tæki bæinn að sjer. — Ætti það vel við, þar sem hjer er borinn og barnfæddur einn mesti forkólfur samvinnuhreyfingarinnar: Benedikt Jónsson.

Við vonum að svo verði, svo þau góðu hjón, sem nú gera garðinn frægan, hafi ekki unnið fyrir gíg.

**Halldóra Bjarnadóttir.**